

Fjallalax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Selfossi, 14. október 2024
Tilvísun: 24081262

Efni: Svar við andmælum við skoðunarskýrslu

Þann 7. október 2024 bárust Matvælastofnun athugasemdir Arnarlax (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 38340 vegna rekstrarleyfis FE-1186. Framangreind eftirlitsskýrsla er dagsett 1. október 2024 og send eftirlitsþega sama dag. Skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór í eldisstöðinni Fjallalax, Hallkelshólum þann 28. ágúst 2024.

Hér er að finna athugasemd eftirlitsþega og afstöðu Matvælastofnunar við framangreinda skoðunarskýrslu.

Eftirlitsþegi andmælir fráviki sem kemur fram í eftirlitsskýrslu Matvælastofnunar nr. 38340 undir lið 5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi >20.tonn). Þar kemur fram að ekki hafi verið sýnt fram á að nýliðar fái eftirfarandi þjálfun við upphaf starfs: kynning á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, varnir gegn stroki, viðbrögð við stroki.

Eftirfarandi eru andmæli Arnarlax:

Arnarlax andmælir þessu fráviki þar sem allir nýliðar fá kynningu og yfirferð á þessu atriðum þegar þeir hefja störf. Í Blue Planet Academy hafa allir starfsmenn lokið við námskeið í forvörnum slysasleppinga fyrir landeldi þar sem farið er yfir forvarnir og viðbrögð gegn stroki. Var búið að senda Matvælastofnun yfirlit. Þá fór svæðisstjóri Fjallalax farið yfir notkun slysasleppinganeta sem eru til staðar í eldisstöðinni með öllum starfsfólki fyrr á árinu.

Allir starfsmenn hafa fengið yfirferð á gæðastjórnunarkerfinu EQS og er einnig ari yfir ákveðin atrið á árlegum fundi skv. reglu MAST. Þá hefur svæðisstjóri Fjallalax góða þekkingu á EQS frá fyrri vinnustað og hefur yfirumsjón með berð verklagsreglna og viðbragðsáætlunum ásamt gæðadeild Arnarlax. Allir starfsmenn sem hafa hafið störf í seiðaeildi Fjallalax á árinu 2024 hafa hlotið yfirferð á gæðastjórnunarkerfi og lokið við námskeið í forvörnum slysasleppinga fyrir landeldisstöðvar. Gögn, Fjallalax training records 08-2024.xlsx, voru send inn til Matvælastofnunar í tölvupósti dags. 04.09.2024.

Í kjölfar eftirlits Matvælastofnunar var eftirlitsþega sendur tölvupóstur þar sem óskað var eftir tilteknum gögnum, m.a. sem varða nýliðaþjálfun þar sem komi fram að starfsmenn fái í nýliðaþjálfun þjálfun í eftirfarandi atriðum: kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, vörnum gegn stroki og viðbrögðum við stroki. Eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun gögn þann 4. september 2024. Við úrvinnslu innsendra gagna var ekki að finna nein gögn sem sýna fram á hvaða þjálfun á sér stað í nýliðaþjálfun.


Í þeim framlögðu gögnum sem eftirlitsþegi vísar til, þ.e. skjals sem ber heitið Blue Planet Academy Stefna, er tilgreind sú þjálfun sem m.a. starfsfólk seiðaeildis ber að fá í rafrænum fræðslugrunni Blue Planet Academy. Engin tímamörk eru tilgreind á því hvenær þjálfunin á að fara fram eða hvaða þjálfun á að fara fram í nýliðaþjálfun. Einungis kemur fram allt starfsfólk Arnarlax fái aðgang af fræðslugrunninum og að svæðisstjórum beri að tryggja að árstíðabundnum starfsmönnum sé úthlutað tíma á fyrstu vöktum til að ljúka BPA námskeiðum.

Eftirlitsþegi vísar jafnframt til skjals sem inniheldur þjálfunarskrá starfsmanna Fjallalax og þar sé að finna staðfestingu á að allir starfsmenn sem hafa hafið störf hjá Fjallalax á árinu 2024 hafi lokið yfirferð á gæðastjórnunarkerfi og lokið námskeiði í forvörnum slysasleppinga fyrir landeldisstöðva. Í tilvísaðri þjálfunarskrá starfsmanna er ekki að finna neinar upplýsingar um hvenær viðkomandi starfsmenn hófu störf eða innan hvaða tímamarka tiltekin þjálfun á að hafa átt sér stað.

Nýliðapjálfun á, eðli málsins samkvæmt, að fara fram innan skamms tíma frá upphafi starfs, helst innan 3 mánaða. Rekstrarleyfishafar verða að hafa til staðar yfirlit yfir hvaða þjálfun á að eiga sér stað í nýliðapjálfun, innan hvaða tímamarka henni eigi að vera lokið, hvaða þjálfun þurfi viðhalda, tíðni o.s.frv. Af þeim gögnum sem eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun og þeim gögnum sem eftirlitsmenn skoðuðu í eftirlitinu þann 28. ágúst sl. er ekki að finna neinar upplýsingar um nýliðapjálfun, hvað hún inniheldur eða hvenær hún á að hafa átt sér stað. Fullyrðingar eftirlitsþega um að slík þjálfun fari engu að síður fram er ekki fullnægjandi.

Í ljósi þess og með vísan til framangreinds tekur Matvælastofnun andmæli Arnarlax vegna eftirlitsskýrslu nr. 38340 dags. 1. október 2024 ekki til greina. Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunina til Matvælaráðuneytisins og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur